

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 864(1993), 1127(1997), 1130(1997), 1173(1998) og 1176(1998) vegna brota UNITA-hreyfingarinnar í Angóla á ályktunum ráðsins.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 864(1993), dags. 15. september 1993, nr. 1127(1997), dags. 28. ágúst 1997, nr. 1130(1997), dags. 29. september 1997, nr. 1173(1998), dags. 12. júní 1998, og nr. 1176(1998), dags. 24. júní 1998, vegna brota UNITA-hreyfingarinnar í Angóla á ályktunum ráðsins og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega eftirfarandi vörur, hvort sem þær eru upprunnar á Íslandi eða ekki, til Angóla nema þau viðskipti fari fram á þeim innflutningsstöðum sem tilgreindir eru á lista sem ríkisstjórn Angóla lætur framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té: Vopn, vopnabúnað og skyldar vörur, þar á meðal skotfæri, farartæki til hernaðar og varahluti fyrir þessar vörur, eldsneyti, olíuvörur, flugvélar og flugvélavarahluti, tæki til nota í námagreftri eða þjónustu við námagróft, vélknúin farartæki og vélknúna báta.

2. Óheimilt er að selja eða flytja ofangreint um íslenskt yfirráðasvæði.

3. Óheimilt er að flytja ofangreint með skipum eða flugvélum sem skráðar eru á Íslandi.

4. Öllum háttsettum embættismönnum UNITA-hreyfingarinnar og fullorðnum fjölskyldumeðlimum þeirra er óheimilt að koma til Íslands eða fara um íslenskt yfirráðasvæði, nema það sé í þágu ríkisstjórnar Angóla, þjóðþingsins eða sameiginlegu nefndarinnar sem stofnuð var samkvæmt Lusakabókuninni. Nefnd öryggisráðsins um ástandið í Angóla hefur gefið út lista yfir viðkomandi embættismenn.

7. Starfsemi skrifstofa á vegum UNITA-hreyfingarinnar er óheimil á Íslandi.

8. Umferð flugvéla, sem koma frá eða eru á leið til Angóla, nema um sé að ræða þá staði sem tilgreindir eru á lista sem ríkisstjórn Angóla lætur nefnd öryggisráðsins um ástandið í landinu í té, er óheimil um íslenskt yfirráðasvæði.

9. Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt, að því er varðar flugvélar sem skráðar eru í Angóla, að veita tækni- og viðhaldsþjónustu, gefa vottorð um flughæfni, greiða nýjar kröfur vegna gildandi tryggingasamninga, veita nýjar tryggingar eða endurnýja tryggingar, nema viðkomandi flugvélar séu tilgreindar á lista sem ríkisstjórn Angóla lætur nefnd öryggisráðsins um ástandið í Angóla í té. Hið sama á við um flugvélar sem flogið hefur verið til Angóla nema um sé að ræða landingarstaði, sem tilgreindir eru á lista sem ríkisstjórn Angóla lætur nefnd öryggisráðsins um ástandið í landinu í té.

10. Óheimilt er íslenskum ríkisborgurum og öðrum aðilum á Íslandi að útvega UNITA-hreyfingunni eða hátt settum embættismönnum hennar og fullorðnum fjölskyldumeðlimum þeirra fjármuni eða veita þeim aðra fjárhagslega og efnahagslega fyrirgreiðslu.

11. Óheimilt er að flytja inn til Íslands eðalsteina sem eru upprunnir í Angóla, nema þeir hafi upprunavottorð ríkisstjórnar Angóla.

12. Framangreind ákvæði eiga ekki við ef um neyðaraðstoð í lækningaskyni er að ræða, eða um ferðir flugvéla sem bera matvæli, lyf og aðrar nauðsynjar notaðar í mannúðarskyni, að fenginni heimild nefndar öryggisráðsins um ástandið í Angóla.

Hver sá, sem brýtur gegn framangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160(1998) um bann við sölu vopna og vopnabúnaðar til Sambandslýðveldisins Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó, og um að fella úr gildi auglýsingu nr. 197, dags. 2. júní 1992.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1160(1998), dags. 31. mars 1998, um bann við sölu vopna og vopnabúnaðar til Sambandslýðveldisins Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó, og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1) Íslenskum ríkisborgurum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Sambandslýðveldinu Júgóslavíu, þ.m.t. Kósóvó, vopn og hvers kyns vopnabúnað, þ.m.t. skotfæri, her-
vagna, tæki og varahluti fyrir vopnabúnað.

2) Óheimilt er að flytja framangreint um íslenskt yfirráðasvæði.

3) Óheimilt er að flytja framangreint með skipum eða flugvélum, sem skráð eru á Íslandi.

Hver sá, sem brýtur gegn framangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Ennfremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella úr gildi auglýsingu nr. 197, dags. 2. júní 1992, um ráðstafanir til að framfylgja ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757(1992) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júlí 1998.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.